

Rúlluvélar- Plast í stað nets:

Plastbinding í stað nets þar á undan garns er framtíðin að mati flestra framleiðenda rúlluvéla. Í nokkur ár hafa verið á markaði rúlluvélar sem nýta sér plastfilmu til að binda rúllur í stað nets:

- Aukafilman eykur styrk plasthjúpsins, og hjálpar þannig til við að minnka súrefnimagn sem berst að heynu á verkunar og geymslutímabilinu og minnkar þannig líkur á myglu og fódurtapi.
- Mögulega er hægt að komast af með minna plast þegar rúllunni er plastað, þó framleiðendur séu ekki allir sammála um það.
- Auðveldar til muna það að opna rúlluna með t.d. rúlluskera
- Meira plast er á „belgnum“ sem minnkar líkur á skemmdum í flutningi
- Auðveldar alla vinnu við endurvinnslu

Framleiðendur horfa flestir til þess að fara í átt að plasti í stað nets í bindingu á rúllum. Í dag eru þessir framleiðendur að framleiða slíkan búnað:

- Orkel eru frumkvöðlar í notkun plastfilmu í stað nets og er í samvinnu með New Holland í þessum efnum með sínar Roll Baler 125 Combi og Roll Baler 135 Ultra
- Göweil G5040Kombi vélarnar eru lítt þekktar hérlendis en koma með þessum búnaði
- Krone Crown Comprima týpurnar koma með plasti í stað nets og hægt er að kaupa búnað fyrir vélar framleiddar eftir 2014 og setja á hér heima.
- McHale með sínar plús vélar
- Kuhn i-BIO + er einnig vél á markaði hérlendis með plast í stað nets.

Hvað með aðra:

- Vicon eru á fullu í þróun á FastBale vélinni, og fyrstu prófanir hafa verið með neti en líklegt er að hún verði fyrst Vicon véla með plasti í stað nets.
- John Deere vilja bíða með þennan búnað þar til plastfilman verður ódýrari

Filman sem þarf er framleidd af nokkrum aðilum og fer þeim fjölgandi.

- 1,25m að breidd, þykktin er frá 13 – 25 míkrómetrar.
- Til að halda pressunni á rúllunni er talað um að setja 2,8 til 5,5 lag utan um þær
- Ennþá er plastið dýrari kostur en netið en dregið hefur saman með verði á neti og plasti eftir því sem notkunin eykst.

Höfundur:

Sigtryggur Veigar Herbertsson

Ráðunautur í bótækni og aðbúnaði

Rekstrar og nýsköpunarsvið

Sími 5165065

GSM 8580856

Netfang sigtryggur@rml.is



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Óseyri 2, 603 Akureyri